

E. Sumar og næturhitun.

4.5 Sumarhitun.		
Fast gjald	kr.	1 450.00 á mán.
Orkugjald	—	8.80 á kWst.
4.6 Næturhitun.		
Fast gjald	—	1 450.00 á mán.
Aflgjald lágmark 2 kW	—	3 840.00/kW á ári
Orkugjald	—	8.80 á kWst.
Roftími 14 klst. á dag.		

F. Annað.

5.1 Gjöld yfir lokun og endurofnun veitu í hvert skipti	—	8 840.00
5.2 Sérsmáningar.		

1. Flatarmálgjöld.

Taxtar 1.2 og 3.1:

Verslanir, skrifstofur vinnustofur o. þ. h.	kr.	56.00 á m ² á mán.
Gangar, geymslur o. þ. h.	—	28.00 á m ² á mán.

Heimtaugagjöld skv. gjaldskrárlið 9.3 verði þannig:

Varstærð	Stofngjald	Jarðstrengur
Amp.	kr.	kr./m
63	345 000	9 686
100	548 000	12 098
200	1 094 000	14 070
300	1 430 000	17 746

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest skv. lögum nr. 66 31. maí 1976 til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.***Kristmundur Halldórsson.*****G J A L D S K R Á****Rafmagnsveitna ríkisins.****I. SMÁSALA.****A. GJALDSKRÁRLIÐIR**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1 Fast gjald	kr.	F1
Orkugjald	—	185.21 á kWst.
1.2 Fast gjald	—	F1+F2
Orkugjald	—	99.81 á kWst.

2. Notkun til heimilisparfa, búrekstrar o. fl.

2.1	Fast gjald	kr. F1+F3
	Orkugjald	— 48.25 á kWst.
	Markmæling:	
2.3	Aflgjald, lágmarksstilling 2—4 kW	— 63 359.00 á kW á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksstillingu 20 kW	— 34 313.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	— 9.82 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	— 48.25 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1	Fast gjald	kr. F1+F2
	Lámarksgjald	— $5 \times F1$ á ári
	Orkugjald	— 99.81 á kWst.
3.2	Aflgjald, lágmark 3 kW	— 186 202.00 á ári
	Aflgjald umfram 3 kW	— 50 220.00 á kW á ári
	Fast gjald	— F1+F3
	Orkugjald	— 18.53 á kWst.
3.4	Til súgurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október.	
	Aflgjald	— 18 715.00 á kW á ári
	Fast gjald	— F1
	Orkugjald	— 8.09 á kWst.

4. Húshitun, íbúðarhúsnæði.

4.1	Fast gjald	kr. F1+F4
	Orkugjald	— 31.94 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.	
4.2	Fast gjald, lágmark 2 kW	kr. F1+F4
	Orkugjald	— 15.37 á kWst.
	Roftími allt að 2x1.5 klst. á dag.	
	Markmæling:	
4.3	Fast gjald	kr. F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	— 159 090.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksstillingu 20 kW	— 31 818.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	— 6.64 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	— 48.25 á kWst.
	Roftími allt að 2x1.5 klst. á dag.	
4.4	Fast gjald, lágmark 2 kW	— F1+F4
	Orkugjald	— 8.75 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.	

5. Utanhússlýsing.

5.1	Fast gjald	kr. F1
	Fyrir hvert götuljósker	— $\frac{1}{2} \times F1$ á ári
	Orkugjald	— 23.18 á kWst.
5.2	Fast gjald	kr. F1
	Orkugjald	— 49.11 á kWst.

6. Húshitun fyrir annað en íbúðarhúsnæði.

6.1	Fast gjald	kr. F1+F4
	Orkugjald	— 43.75 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.	

6.2	Fast gjald, lágmark 2 kW	kr. F1+F4
	Orkugjald	— 21.28 á kWst.
	Roftími allt að 2x1.5 klst. á dag.	
	Markmæling:	
6.3	Fast gjald	kr. F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	— 215 770.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksafstillingu 20 kW	— 43 154.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	— 9.00 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	— 48.25 á kWst.
	Roftími allt að 2x1.5 klst. á dag.	
6.4	Fast gjald, lágmark 2 kW	kr. F1+F4
	Orkugjald	— 12.29 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.	

7. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals	kr. 8 800.00
fyrir hvert skipti.	

B. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1	kr. 17 384.00 á ári
F2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	— 646.54 á m ² á ári
b) Gangar, geymslur o. þ. h.	— 323.27 á m ² á ári
F3	— 6 845.00 á gj.ein. á ári
Gjaldeiningar eru:	
a) Fyrir fjölskylduheimili. Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minna reikn- ast hálf, en 25 ferm. eða stærra tvö.	
b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.	
c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 30 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining	
d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm og 40 ferm. fyrir geymslurúm.	
F4 Hvert uppsett kW	kr. 3 840.00 á ári

2. Mestaafismæling.

- Aflmæling miðast við 15 mín. meðalág.
- Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskýlt afl meðal-
tal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag

- Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á
sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir herra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dieselolíu í Reykjavík til olfukyndingar kr. 123.00 hver lítri. Við hverja 10 auru útsölverðbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka en hækka hver kWst. um 4.0 auru á gjaldskrárlið 4.1 og 6.1, 1.7 auru á lið 4.2 og 6.2, 1.5 auru á lið 4.3 og 6.3, 0.9 auru á lið 4.4 og 6.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 2.3 lækka eða hækka um 1.0 eyri hver kWst. við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali Gjaldskrárliða o. fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 22% og 19% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 2.3. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

II. HEILDSALA.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá eru miðuð við afhendingu raforkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá enda sé há greitt fyrir minnst 800 kW afl og fyrir 6—11 kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímalengd notkunar.

Rafmagnsveitunum er heimilt að afhenda orkuna á hærri spennu en gjaldskrá þessi miðast við, enda sé um það gerður sérstakur samningur á milli Rafmagnsveitnanna og þess kaupanda, sem í hlut á.

Rafmagnsgjald.

Afl	kr. 26 905.00 á árskW
+ orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	852.30 aurar á kWst.
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	492.90 aurar á kWst.
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	246.40 aurar á kWst.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálags-
toppa, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

Ársnýting.

Ársnýtingartími í klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kWst. deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kiló-wattsstundarverð skv. 2. grein umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundr-
aðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskila-
vextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Hvorki verðjöfn-
unargjald né söluskattur eru innifalin í verðinu.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLLI

Heimtaugargjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kaптúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug.

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd ¹⁾	
		Jarðstrengur kr/m	
63 1-fasa	320 000	9 686	
63 3-fasa	345 000	9 686	
100 3-fasa	548 000	12 098	
200 3-fasa	1 094 000	14 090	
315 3-fasa	1 723 000	17 746	
400 3-fasa	2 188 000	Samkv. kostn.	
710 3-fasa	3 884 000	—	
1200 3-fasa	6 564 000	—	
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2)			77 000

- 2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.
- 2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta þer skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðndarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

- 2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.
3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
 - 3.1 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðar-áætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.
 - 3.2 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.
4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM

1. Hver sá, sem óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirra sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunnjaldsskytt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera kr. 375 940.00 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 31 397 000.00 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 31 397 000.00 enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverja 375 940.00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Framangreint grunnjald kr. 375 940 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 398 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 17 268 000.00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heim-

taugargjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætlunum kostnaðarverði af þeim línnum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febr. 1980 og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 408 19. sept. 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Egilsstaðahrepps,
Suður-Múlasýslu, nr. 402 14. desember 1973.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- a) Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar þ. e. mat fasteigna og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 22 500.— af hverri sjálfstæðri íbúð árlega. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram.
- b) Heimilt er hreppsnefnd að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn. Skal þá greiða kr. 20.— fyrir hvert tonn vatns, sem notað er enda séu öll vatnsgjöld þar innifalin nema mælaleiga, sem skal vera kr. 5 000.— á ári.
- c) Steypustöðvar til húsagerðar og iðnaðar auk framangreindra gjalda samkvæmt a-lið greiði kr. 120.— fyrir hvert tonn sements, sem steyp er úr.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 96 25. janúar 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.